



Mánaðamót

5. janúar 2026

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – janúar 2026^{*)}

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1. janúar	2
5	6	7 Verðbólga á evrusvæðinu	8	9 Skráð atvinnuleysi (VMST) Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
12	13 Verðbólga í Bandaríkjunum	14	15 Hagar birta uppgjör	16 Greiðslumiðlun í desember (SÍ)
19	20	21 Verðbólga í Bretlandi	22 Vísitala launa í desember (HAG)	23
26	27	28 Könnun á væntingum markaðsaðila 1F (SÍ) Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	29 Vísitala neysluverðs í jan. (HAG) Gistinætur í desember (HAG) Landsbankinn birtir uppgjör	30




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,15% á milli mánaða í desember og verðbólga fór úr 3,7% í 4,5%. Árshækkun VNV án húsnæðis og allra þriggja kjarnavísitalnanna jókst á milli mánaða.


Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Talan var mun hærri en við gerðum ráð fyrir, en við spáðum 0,56% hækkun á milli mánaða og að verðbólga myndi aukast í 3,9%. Það er aðallega þrennt sem kom á óvart í mælingunni: flugfargjöld til útlanda hækkuðu mun meira en við bjuggumst við, húsnæði án reiknaðrar húsaleigu hækkaði meira en við áttum von á og matarkarfan lækkaði óvænt. Hækkun á húsnæði án reiknaðrar húsaleigu skýrist af gjaldskrárhækkunum á hitaveitu. Aðrir liðir þróuðust nokkurn veginn eins og við gerðum ráð fyrir, þar á meðal gengu áhrif tilboðsdaða í nóvember að fullu til baka eins og við höfðum gert ráð fyrir.

Framlag undirliða í desember 2025



Desembermælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Ársverðbólga jókst um 0,8 prósentustig á milli mánaða í desember. Mest áhrif hefur aukið framlag frá innfluttum vörum, flugfargjöldum til útlanda og opinberri þjónustu. Aukið framlag innfluttra vara skýrist af að áhrif tilboðsdaga í nóvember gengu til baka á meðan aukið framlag opinberrar þjónustu skýrist af gjaldskrárhækkun á hitaveitu.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.


Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur næstu mánuði

Við spáum því að ársverðbólga mælist 4,4% í janúar og 4,2% í febrúar og mars.

Verðbólguþá*)


Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða



- Matur og drykkjarv.
- Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.
- Reiknuð húsaleiga
- Annað
- Föt og skór
- Húsnæði - annað
- Flugf. til útlanda
- VNV

Verðbólguþá*)

Ársverðbólga



*) Spá birt 22. desember 2025.
Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans




Stýrivextir

Peningastefnunefnd lækkaði vexti alls um 1,25 prósentustig á síðasta ári. Fyrsta vaxtaákvörðunin í ár verður miðvikudaginn 4. febrúar.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026					
18. mar. 2026					
20. maí. 2026					
19. ágú. 2026					
7. okt. 2026					
18. nóv. 2026					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði jókst innan mánaðar í desember, hvort sem horft er til tveggja ára (3,9% í lok mánaðar, +0,4 prósentustig innan mánaðar), fimm ára (3,7% í lok mánaðar, +0,4 prósentustig innan mánaðar) eða til tíu ára (3,6% í lok mánaðar, +0,1 prósentustig innan mánaðar). Stór hluti hækkunarinnar í mánuðinum átti sér stað daginn sem Hagstofan birtir verðbólguálag fyrir desember, en sú mæling var miklu hærri en búist var við.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir


Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 3,5% í desember og lækkaði einungis um 0,2 prósentustig á árinu.

Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,8% í desember og lækkuð um 1,0% prósentustig á árinu. Raunstýrivextir út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru 3,8% og lækkuðu einnig um 1,0 prósentustig á árinu.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára, niðurstaða úr væntingarkönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár, væntinga heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,35% á milli mánaða í nóvember. Lækkunin var drifin áfram af fjölbýli á landsbyggðinni, sem lækkaði um 1,4%, en auk þess lækkaði sérbýli bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Verð á fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hélst nokkurn veginn óbreytt á milli mánaða. Eins og við var að búast í kjölfar vaxtadómsins fækkaði kaupsamningum verulega í nóvember.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Velta skv. VSK-skýrslum

Samkvæmt VSK-skýrslum dróst veltan í þremur stóru útflutningsgeirunum saman á milli ára á VSK-tímabilinu sept-okt. Samdrátturinn í ferðapjónustu skýrist meðal annars af því að Play hætti starfsemi í lok september og skilaði því ekki VSK-skýrslu. Útflutt magn málma jókst á milli ára þrátt fyrir bilun í kerum Norðuráls undir lok tímabilsins, þann 21. október. Samdrátturinn í veltu í greininni á milli ára (í krónum) má rekja til þess að krónan var sterkari en á sama tíma í fyrra. Velta í tækni- og hugverkaiðnaði jókst verulega með aukinni starfsemi gagnavera.




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 4,3% í nóvember. Aukið atvinnuleysi á milli ára hélst á frekar þröngu bili, 0,2 til 0,4 prósentustig, frá febrúar 2024 til september 2025, en jókst upp í 0,5 prósentustig í október og 0,6 prósentustig í nóvember.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 9,0% á milli ára í nóvember að raunvirði. Þar af jókst hún um 23,0% erlendis og innanlands um 5,2%. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis rímar vel við stórfellda fjölgun utanlandsferða á þessu ári. Það sem af er ári hafa utanlandsferðir Íslendinga verið um 18% fleiri en á sama tíma í fyrra. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimila aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu einungis 3,3 mö.kr. í nóvember. Það var nettó uppgreiðsla á fasteignalánum með breytilegum vöxtum, en nettó hrein lántaka á óverðtryggðum lánum með föstum vöxtum. Óveruleg breyting var á verðtryggðum lánum hjá viðskiptabönkunum. Seðlabankinn birtir talnaefni um hrein ný lán lífeyrissjóðanna í nóvember föstudaginn 9. janúar og þá koma áhrif vaxtadómsins á lántöku heimilanna betur í ljós.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á þriðja ársfjórðungi 2025 mældist 27 ma.kr. afgangur á viðskiptum við útlönd, en þriðji ársfjórðungur er jafnan sá ársfjórðungur sem kemur best út. Alls var afgangur á viðskiptum við útlönd 14 mö.kr. minni á þriðja ársfjórðungi 2025 en á þriðja ársfjórðungi 2024. Hallinn á vöruskiptajöfnuði og rekstrarframlögum jókst á milli ára, afgangur af þjónustujöfnuði jókst á milli ára og í stað halla á jöfnuði frumpáttatekna árið áður mældist afgangur.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 141 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í nóvember, 13,0% færri en í nóvember í fyrra. Á fyrstu 11 mánuðum ársins voru brottfarir erlendra ferðamanna 0,7% fleiri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 12,0% á milli ára á föstu verðlagi og um 6,6% á föstu gengi í nóvember á meðan gistinóttum útlendinga á hótélum fækkaði um 2,9% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist í desember. Í lok mánaðarins stóð evran í 147,2 (-1,0 króna innan mánaðarins) og Bandaríkjadalur í 125,2 (-2,9 króna innan mánaðarins). Fyrir árið í heild veiktist krónan á móti evru sem kostaði 3,3 krónum meira í lok árs 2025 en í lok árs 2024, en styrktist á móti Bandaríkjadal sem kostaði 13,0 krónur minna í lok árs 2025 en í lok árs 2024.



Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða


Þann 5. desember tilkynnti Seðlabankinn að hann hygðist hætta reglulegum gjaldeyriskaupum. Alls keypti hann gjaldeyri fyrir 73 ma.kr. á árinu.

Á fyrstu 11 mánuðum ársins keyptu lífeyrissjóðirnir gjaldeyri fyrir 52 ma.kr. sem er nokkuð minna en á sama tímabili í fyrra (78 ma.kr.). Minni kaup lífeyrissjóða á gjaldeyri á árinu skýrast af því að þeim áskotnaðist gjaldeyris í byrjun árs í tengslum við kaup JBT á Marel og við uppgjör ÍL-sjóðs.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í desember

11. desember: Hagsjá: Spáum 3,9% verðbólgu í desember

22. desember: Hagsjá: Verðbólguþæðingin ekki jafn slæm og hún virðist í fyrstu

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

